

Golfklúbbur Ísafjarðar

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2023-2024



Ársskýrsla 2024

Efnisyfirlit

Golfklúbbur Ísafjarðar	1
Stjórn og nefndir Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2023	3
Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:.....	3
Varastjórn:	3
Skoðunarmenn reikninga:	Error! Bookmark not defined.
Fastanefndir klúbbsins:	Error! Bookmark not defined.
<i>Forgjafanefnd:</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Húsnefnd Golfskálans í Tungudal:</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Rekstrarnefnd Golfskálans</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Mótanefnd:</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Unglinga- og afreksnefnd</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Vallarnefnd:</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Kvennanefnd:</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Öldunganefnd:</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Aganefnd:</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Sundagolfsnefnd:</i>	Error! Bookmark not defined.
Félagsstarf	3
Starfsmannamál	3
Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ	4
Æfingar og æfingaaðstaða	4
Unglinga- og afreksnefnd	4
Kvennastarf	4
Vallarmál	5
Vélamál	5
Húsnæðismál	6
Mótanefnd	6
Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar	7

Stjórn og nefndir Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2024

Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:

Formaður: Gunnar Þórðarson

Aðalstjórn: Guðjón Helgi Ólafsson, Þorvaldur Ragnarsson og Daníel Jakobsson, Ólafur Guðnason, Magnea Garðarsdóttir, Neil Shiran Þórisson og Þorvaldur Ragnarsson.

Varastjórn: Friðbjörn Gauti Friðriksson, Soffía Þóra Einarsdóttir og Kristján Ásgeirsson

Á fyrsta stjórnarfundinu voru eftirfarandi kosnir í embætti: Gjaldkeri var kosinn Shiran Þórisson og ritari Magnea Garðarsdóttir.

Vallarnefnd: Þorvaldur Óli Ragnarson og Hákon Dagur Guðjónsson.

Mótanefnd: Guðni Ó. Guðnason, Guðjón Helgi Ólafsson og Shiran Þórisson.

Húsanefnd: Soffía Þóra Einarsdóttir, Shiran Þórisson og Gauti Friðriksson.

Kvennanefnd: Magnea Garðarsdóttir

Unglinganefnd: Shiran Þórisson

Sundagolfsnefnd: Gunnar Þórðarson

Fjölmíðlanefnd: Gunnar Þórðarson, Guðni Guðnason, Magnea Garðarsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga: Jens Andrés Guðmundsson og Baldur Geirmundsson.

Sundagolfsnefnd: Grétar Sigurðsson, Anna Sigurðardóttir og Gunnar Þórðarson

Félagsstarf

Allyson Caggio var ráðin til að sjá um Golfskálann og gekk sá rekstur ágætlega og allt til fyrirmyndar hvað umsýslu varðar. Skálinn var mikið leigður út félögum og hópum sem héldu gleðskap, og skapaði það góðar tekjur. Rætt var við Golfklúbb Bolungarvíkur um frekara samstarf, en lítill áhugi virðist vera hjá þeim, og stjórn G.Í. var slíku samstarfi mótfallin. Leitað hefur verið að betri (ódyrari) aðstöðu fyrir golfhermi klúbbsins, en ekkert fundist.

Heiðursfélagar sem fá frí árgjöld í Golfklúbbi Ísafjarðar voru kjörnir:

- ✓ Tryggvi Sigtryggsson
- ✓ Finnur Magnússon
- ✓ Gunnlaugur Einarsson
- ✓ Reynir Pétursson
- ✓ Vilhjálmur Antonsson

Starfsmannamál

Einar Gunnlaugsson var ráðinn vallarstjóri og Jón Gunnar Shiransson og Hjálmar Jakobsson starfsmenn. Allyson Caggio sá um rekstur golfskálans undir handleiðslu Shirans Þórissonar. Tryggvi Sigtryggsson leit til með rekstri golfvallar ásamt viðhaldi tækja. Að auki útvegaði Ísafjarðarbær 3-4 unglunga frá vinnuskólanum í vinnu á golfvelli í júní og júlí.

Öllum þessum starfsmönnum er færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Starfsmannahald varð mun dýrara en ráð var fyrir gert og þarf að skoða þau mál fyrir næsta sumar. Ekki er borð fyrir báru að hafa þrjá starfsmenn á fullum launum á vellinum, miðað við tekjur klúbbsins.

Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samningi við HSV sá G.Í. áfram um slátt og umhirðu þúttvallarins við Hlíf í sumar í góðri samvinnu við Félag eldri borgara. Ísafjarðarbær styrkti G.Í. myndarlega með uppbyggingastyrk til að ljúka við vökvunarkerfi vallarins. Ákveðið var á stjórnarfundum 19. nóvember að sækja um styrk til Uppbyggingasjóðs Ísafjarðarbæjar, til að ljúka við akveg fyrir golfbíla kringum Tungudalsvöll. Fáist styrkurinn verður tekin ákvörðun um framhaldið, en búið er að semja við Jóhann Birki um að aðstoða við hönnun á honum.

Æfingar og æfingaaðstaða

Viktor Páll Magnússon sá um golfkennslu fyrir Golfklúbb Ísafjarðar sem gekk mjög vel og var vel að verki staðið. Byrjað var í Sundagolfi og síðan um vorið voru námskeiðum haldið áfram á Tungudalsvelli. Sérstök áhersla var lögð á barna og unglunga kennslu, en einnig var fullorðnum boðið upp á námskeið. Golfkennslan var mjög vel sótt og tókst í alla staði vel. Mikil framför var af þessum námskeiðum í starfi klúbbsins og er Viktori þakkað frábært starf. Búið er að semja við hann um framhald af þessum námskeiðum fyrir 2025.

Rekstur æfingasvæðis við Tungudalsvöll gekk ekki nógu vel og ljóst sé að bæta þurfi skipulag svæðisins. Mikið var um að boltar væru skildir eftir á vellinum, oft í langan tíma. Ekki er hægt að reka svæðið áfram með sama hætti og þarf að finna betri leið til að veita þessa nauðsynlegu þjónustu.

Golfhermir og þúttaðstaða í Sundagolfi voru mjög vel nýtt á árinu, má segja að með aukinni kennslu og frábærri aðstöðu hefur barna- unglungastarf og nýliðastarfið eflst. Leitað hefur verið að ódýrari og hentugri stað fyrir golfhermi klúbbsins, en án árangurs. Það er dýrt að liggja með fasteign sem kostar á fjórða tug milljóna, og tekjur standa engan veginn undir rekstrinum.

Sundagolfsnefnd er þakkað fyrir gott starf. Ákveðið var á stjórnarfundum í nóvember að taka aðstöðuna í gegn, en hún er barn síns tíma. Rífa niður tréveggi, kaupa tjald með hlífðartjöldum sem eru hengd upp og snúa aðstöðunni við, þannig að slegið verði í austur. Keyptur var nýr myndvarpi og var sú fjárfesting fjármögnuð með styrk frá fyrirtæki, en hann kostar um 700 þúsund krónur. Vonast er til að bætt aðstaða muni laða fleiri golfara að Sundagolfi og þeir nýti sér þessa þjónustu Golfklúbbs Ísafjarðar.

Unglinga- og afreksnefnd

Barna- og unglungastarfið í sumar var að mestu leyti bundið við samstarf við Héraðssamband Vestfirðinga sem kom með krakka á grunnskólaaldri í golfnámskeið.

Það voru 20 krakkar sem komu í síðustu viku júní mánaðar og fyrstu viku júlí mánaðar síðastliðins sumars. Síðasta vetur voru svo elstu unglungarnir í einstaklingsmiðaðri þjálfun í inniaðstöðu okkar en þessir kylfingar tóku svo þátt í tveimur mótum í Íslandsmótaröðinni og voru þar fyrir miðju í sínum aldursflokki.

Kvennastarf

Kvennagolf hélt áfram undir stjórn Magneu Garðarsdóttir. Í kvennanefndinni voru einnig Sólveig Pálsdóttir, Barbara Gunnlaugs og Harpa Guðmundsdóttir. Fyrsti formlegi hittingurinn var í 11. júní og var reglulegt golf á þriðjudögum kl. 17. Mæting var misgóð eftir veðri en flestar létu nú veðrið ekki stoppa sig. Mæting var allt frá fjórum upp í 14 konur. Lokagolfið var haldið 10. september í björtu en köldu veðri þar sem spilað var skemmtilegt golf sem endaði í Pálínuboði í skálanum. .

Vallarmál

Lokið var við bílastæðið austan við Golfskálann. Planið var ræst að ofan verðu, sléttað og lagðar á það sérstakar grindur sem fylltar voru síðan með harpaðri mól.

Stóra verkefnið í sumar var vökvunarkerfi fyrir flatir vallarins. Vallarstjóri ásamt Kristjáni Elíasi Ásgeirsyni báru þungan af þessu verki, sem var stutt með myndarlegum styrk frá Ísafjarðarbæ. Drenlögn á annarri braut stíflaðist með þeim afleiðingum að mikill vatnsagi var á brautinni, sem ekki tókst að laga fyrir veturinn. Þetta varð til þess að mikill klaki myndaðist í vetur sem síðan olli nokkrum frostskegndum á henni. Gert var við lögnina um vorið og þar sem leiðslan var grafinn upp, síðan var skurði lokað og tyrft yfir síðasumar.

Skemmdir urðu á gula teignum á fjórðu braut í miklu vatnsveðri síðsumars. Mikill vatnsagi hreif með sér mikinn aur og var um 10-20 cm lag yfir teignum. Þetta var hreinsað strax að mestu leyti og vonandi verður teigurinn í góðu lagi í vor.

Norður glompu á áttundu braut var lokað, fyllt upp og tyrft yfir.

Golfvöllurinn kom mjög vel undan vetri, þó enn sæi á fimmtu flöt frá fyrra ári. Flötin er þó mikið að taka sig og ljóst að ekki þarf að fara í dýrar framkvæmdir við endurbyggingu hennar. Völlur og flatir skörtuðu sínu fegursta í sumar, sem aldrei fyrr, og vakti athygli gesta og gangandi.

Enginn verktaki var keyptur þetta sumarið til að aðstoða við viðhald vallarins, og sáu starfsmenn um allar aðgerðir og framkvæmdi.

Vinavellir G.Í. eru eftirfarandi:

- Golfklúbbur Mosfellsbæjar
- Golfklúbburinn Hamar Dalvík
- Golfklúbbur Hveragerðis
- Golfklúbbur Norðfjarðar
- Golfklúbburinn Leynir Akranesi
- Golfklúbbur Voga (Kálfatjörn)
- Golfklúbbur Borgarnes (Hamarsvöllur)
- Golfklúbbur Patreksfjarðar
- Golfklúbbur Bíldudals
- Golfklúbbur Ólafsfjarðar
- Golfklúbbur Siglufjarðar

Ástand Efri Tungu vallar var sæmilegt í sumar og völlurinn mikið notaður.

Rekstur æfingisvæðis hefur verið erfiður. Töluverð vinna er við viðhald og að tína upp bolta og betur má ef duga skal. Of mikið er skilið eftir af boltum á vellinum, jafnvel svo dögum skiptir. Sporin hræða enda hefur mikið verið um að kúlum sé stolið af æfingavellinum, jafnvel svo þúsundum skipti á hverju ári.

Vélamál

Rekstur á sexhjóli klúbbsins gekk ekki vel vegna bilana og er það fór í viðgerð í haust, en það vantar kerti í það sem erfitt hefur verið að finna. Einnig var röffvél biluð í haust og er hún í viðgerð hjá Rafskaut. Golfbíllinn er bilaður og viðgerð ekki lokið hjá Rafskaut. Erfiðlega hefur gengið að finna geymslu fyrir vélar yfir veturinn það tókst þó að lokum.

Kerrur eru orðnar gamlar og lélegar og standast engar öryggiskröfur né reglur um búnað. Huga verður að kaupum á nýrri kerru. Klúbburinn hefur yfir að ráða tveimur stórum brautarvélum, röffvél, stórrí flatarláttuvél, blásarara til að hreinsa flatir og nýrri vél til að búa til holur á flatir

ásamt handflatarsláttuvél og tveimur minni vélum. Klúbburinn á helmings hlut í nýjum gatara með Golfklúbbs Bolungarvíkur.

Hnífar í sláttuvélar voru sendar til GKG til brýningar og klárað að yfirfara vélar og þeim komið í gott lag.

Suzuki Ventura jeppinn stóð sig vel og fór í góðu lagi inn í veturinn.

Húsnæðismál

Klúbbhúsið hefur verið tekið vel í gegn og er í góðu ástandi. Sundagolf er í óhentugu og dýru húsnæði og hafa félagsmenn verið að leita nýrra lausna við rekstur golf-hermis klúbbsins.

Ráðist var í mikla tiltekt í sumar í skálanum, sem var loka hnykkur í að gera aðstöðuna alla snyrtilega. Tekið var til í vélageymslu og fjárfest í búnaði og aðstöðu. Tekið var til á neðri hæð við golfskápa. Og tekið til á skrifstofu, en safnast hafði saman dót þar í áratugi, sem að mestu var orðið úrelt og ekki þörf á því að geyma. Öllu sem taldist söguleg gögn var haldið til haga.

Mótanefnd

Mótahald var með svipuðu sniði og síðast liðin ár. Fyrsta mót ársins fór fram 20 maí og það síðast 26. september. Haldin voru 28 golfmót á vegum GÍ sem er fækkun um sex mót frá fyrra ári. Orsök fyrir fækkun móta er verri tíð, mótahald byrjaði síðar og hætti fyrr,

Langfjöldmennasta mót ársins var Minningamót Bigga Vald, 62 keppendur skráðir til leiks og þurfti að vísa keppendum frá, mótanefnd man ekki eftir að hafa þurft að gera það áður.

Samtals voru leiknir 783 hringir í mótum sumarsins samanborið við 934 í fyrra. 173 kylfingar léku þessa 783 hringi, 2024 tóku 175 kylfingar þátt í mótum GÍ. Skemmtilega svipaður fjöldi. Þátttakendur frá 19 golfklúbbum tóku þátt í mótum sumarsins. Meðlimir GÍ spiluðu að sjálfsögðu flesta hringi eða 670 talsins, Bolvíkingar með 38 og kylfingar úr Keili 10.

Baldur Ingi Jónasson var iðnasti keppandi sumarsins, tók þátt í 21 mótum, þrjú kylfingar með 20 mótum.

Meistaramót GÍ var haldið dagana 10. júlí . – 13. júlí. . Keppendur voru 42 sem er fjölgun um 5 frá fyrra ári.

Meistarar Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2024 eru:

1. flokkur karla:	Hjálmar Helgi Jakobsson
Kvennaflokkur	Bjarney Guðmundsdóttir
Unglingaflokkur	Grétar Nökkvi Traustason
2. flokkur karla:	Guðni Ó. Guðnason
2. flokkur kvenna:	Hanna Mjöll Ólafsdóttir
3. flokkur karla:	Endre Koi
65 ára og eldri:	Vilhjálmur Gísli Antonsson

Holumeistari GÍ 2024 varð Sólveig Pálsdóttir eftir að hafa lagt Vilhjálmm Matthíasson í úrslitum. Skálameistaramótin voru 15,. Fjöldmennasta mótið fór fram 25. júlí og taldi 33 keppendur. Samtals tóku 75 kylfingar þátt í Hamraborgarmótaröðinni og léku samtals 299 hringi. Til samanburðar þá tóku 83 kylfingar tóku þátt í mótaröðinni 2024 og léku samtals 448 hringi. Guðbjörn Salmar Jóhannsson tók þátt í flestum fimmtudagsmótum eða 13 talsins. Fyrirkomulag sumarsins var að 9 bestu mót keppenda töldu.

Skálameistarar GÍ 2024 eru:

Karlaflokkur:	Guðbjörn Salmar Jóhannsson 155 punktar
Kvennaflokkur:	Ásdís Birna Pálsdóttir 129 punktar

Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar

Rekstur klúbbsins gekk vel á starfsárinu. Tekjur voru kr. 24.531.954 og tekjur umfram gjöld voru kr. 1.776.180.

Afkoma ársins var lakari á þessu ári miðað við undanfarin ár. Nokkuð góð aðsókn var á vellinum í sumar og mótahald gekk mjög vel. Hinsvegar var launaliður umtalsvert hærri en gert var ráð fyrir. Laun og verktakagreiðslur námu 9.865.629 krónum, miðað við 4.758.217 í fyrra. Þarna munar miklu og ljóst að taka þarf á þessum þætti og áfram haldið á sömu braut. Klúbburinn stendur ekki undir þremur starfsmönnum á fullum launum, þar sem aukavinna var töluverður hluti af kostnaði.

Helstu tekjuliðir voru eins og áður félagsgjöld, flatargjöld, tekjur af Sundagolfi, mótagjöld, rekstur golfskála, styrktar samningar og þjónustusamningur við HSV. Eins og áður greiðir Ísafjarðarbær laun fyrir einn starfsmann í fimm mánuði og lagði til vinnu fjögurra unglunga frá Vinnuskólanum. Vel gekk að aflu styrkja frá fyrirtækjum sem auglýsa á Golfskálanum.

Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar er háður stuðningi margra aðila, fyrirtækja, einstaklinga og Ísafjarðarbæjar. Enn fremur er rekstur og uppbygging klúbbsins háður sjálfboðavinnu félagsmanna og væri ekki mögulegur án þess fórnfúsa starfs sem þeir inna af hendi.

Klúbburinn þakkar öllum velunnurum sínum fyrir stuðninginn. Mikið átak var gert til að auka samstarf við fyrirtæki um að styrkja klúbbinn og bætt við skiltum á handrið skálans. Miklar tekjur fengust með þessu móti sem kemur sér vel þegar stór viðhaldsverkefni eru fjármögnuð.

Lokaorð

Fram undan eru spennandi tímar sem þarf að nýta vel. Klúbburinn stendur vel fjárhagslega og hefur burði til að ráðast í krefjandi verkefni bæta upplifun og ánægju klúbbfélaga. Stjórnin vill gera Tungudalsvöll eftirsóttan og draga að ferðamenn og gesti, sem mun auka tekjur klúbbsins. Mikill áhugi er á golfíþróttinni í dag og ekkert lát á. Vestfirðir eru orðnir aðlaðandi áfangastaður ferðamanna og aldrei verið annað eins tækifæri til að láta klúbbinn blómstra. Með samhentum átaki og öflugum framlagi sjálfboðaliða getum við sett G.Í. rækilega inn á kortið sem eftirsóttur áfangastaður kylfinga á Íslandi. Farþegar á skemmtiferðaskipum.

Það er aðkallandi mál að gera Tungudalsvöll aksturhæfan fyrir golfbíla, en margir klúbbfélagar eru að eldast og munu þurfa golfbíl til að geta spilað þessa dásamlegu íþrótt langt fram í sólarlagið. Einnig er nauðsynlegt að geta þjónað hreyfi hömluðum sem þurfa bíl til að njóta golfíþróttarinnar í Tungudal.

Eins og venjulega eru starfsmannamál krefjandi, enda dýrasti liður í rekstri klúbbsins. Það verður verkefni nýrrar stjórnar að skipuleggja starfsmannahald vallarins í sumar.

Ég mun láta af formennsku í Golfklúbbsi Ísafjarðar en mun að sjálfsögðu leggja mitt af mörkum í framtíðinni til að bæta klúbbinn þannig að hann getir verið uppspretta ánægju félagsmanna og gesta. Ég hafði mjög gaman af þessu starfi og lífi fyrir golfið í Tungudal.

Ég vil þakka starfsmönnum klúbbsins, stjórnar og nefndarmönnum fyrir samstarfið á árinu. Félagsmönnum þakka ég fyrir þeirra vinnu og skemmtilegt golfsumar.

15. desember 2024

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Ísafjarðar
Gunnar Þórðarson formaður

5. gr. – Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir
3. Ársreikningur liðins reikningsárs lagður fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun um árgjöld næsta árs
6. Fjárhagsáætlun næsta árs
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga
8. Verðlaunaafhendingar
9. Önnur mál